

Erlendu konurnar í Kvennaathvarfinu

Hvað hefði hjálpað?

- Run! -

„You will always find a reason not leaving but you will never regret to leave“

„Búmm – nefbrot – fara til Spánnar – nýr bíll – ofbeldi aftur“

„If police in Poland would be as nice as it is in Iceland I would have left him so long ago“

„You will always find a reason not leaving but you will never regret to leave“

“Children should never have to live like this”



**Kærar þakkir til kvennanna sem
tóku þátt í rannsókninni**

Erlendu konurnar í Kvennaathvarfinu – hvað hefði hjálpað?

Ábyrgðaraðili: Sigprúður Guðmundsdóttir. Framkvæmdastýra - Samtök um kvennaathvarf

Unnið af: Drífa Jónasdóttir. Verkefnastýra - Samtök um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, september 2020

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf www.kvennaathvarf.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Verkefnið var fjármagnað með styrk frá Velferðarráðuneytinu – Þróunarsjóður innflytjendamála 2018.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

Markmið	4
Aðferð	4
Inngangur	5
1. Samantekt um gerendur	5
2. Samanburður á íslenskum og erlendum dvalarkonum	5
3. Hlutfall erlendra kvenna í dvöl og afdrif	6
Nánar um verkefnið	8
1. Hugmyndin að verkefninu	8
2. Hvað hefði hjálpað?	8
Efniviður	9
1. Rannsóknarhópur	9
2. Spurningalistinn	9
Niðurstöður	12
1. Fyrri hluti viðtals – Bakgrunnur	12
Bakgrunnur konunnar	12
Aldur, uppruni og tungumálakunnátta	12
Búseta	12
Menntun og atvinnuþátttaka	12
Tegund ofbeldis	13
Áverkar, aðstoð frá heilbrigðiskerfi og aðkoma lögreglu	13
Bakgrunnur gerenda	14
Tengsl, aldur, uppruni	14
Menntun og atvinnuþátttaka	15
2. Seinni hluti viðtals – Hvað hefði hjálpað?	16
Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita?	16
Er eitthvað sem aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér útúr sambandinu?	18
Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast útúr því?	19
Hver var mesta hindrunin/erfiðast við að fara frá honum og koma í Kvennaathvarfið?	20
Hvað var auðvelt við að fara frá honum?	22
Fannst þú stuðning þegar þú komst í Kvennaathvarfið?	23
Hvert ferðu eftir dvöl	24
Átt þú barn undir 18 ára aldri	24
3. Hvað má betur fara og hvað er vel gert?	25
Fjármögnun	26

Markmið

Að skoða bakgrunnsupplýsingar um erlendar konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu til að leitast við að skilja betur stöðu þeirra.

Að taka saman upplýsingar til að auðvelda erlendum konum sem búa við heimilisofbeldi aðgang að þjónustu Kvennaathvarfsins þegar konan vill slíta sambandi við ofbeldisfullan maka.

Að nýta upplýsingar frá þátttakendum til að koma auga á það sem vel er gert og það sem betur má fara af hálfu fagaðila sem að málaflokknunum koma.

Aðferð

Staða kvennanna: Teknar voru saman bakgrunnsupplýsingar um erlendar konur úr gögnum athvarfsins frá árunum 2017 – 2019.

Aðgangur að þjónustu: Til að skilja betur hvað myndi hjálpa erlendum konum sem búa við heimilisofbeldi að komast fyrir úr sambandinu voru tíu erlendar dvalarkonur beðnar að segja frá sinni reynslu. Konurnar voru spurðar um tegund ofbeldis sem þær hafa verið beittar og um það hvað hafi hjálpað þeim að komast úr ofbeldissambandinu. Hvað hefðu þær viljað vita, hvar þær fengu stuðning og hvað þær myndu ráðleggja öðrum konum sem fastar eru í ofbeldissambandi.

Að lokum var gerð samantekt á svörum kvennanna til að leitast við að greina hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Skilgreiningin „af erlendum uppruna“ er fengin frá konunum sjálfum eins og þær skilgreina sig í fyrsta viðtali í athvarfinu. Hópurinn er ekki einsleitur þar sem hér gæti til dæmis verið um að ræða dóttur innflytjanda sem fædd er á Íslandi, konu nýflutta til landsins eða konu sem búsett hefur verið á Íslandi áratugum saman.


Inngangur

1. Uppruni, áfengis-og fíkniefnanotkun, aldur og menntun gerenda – dvöl árið 2017

Þegar skoðaður er uppruni gerenda sem báru ábyrgð á að senda erlendu konurnar sínar og börn í dvöl í Kvennaathvarfið á árinu 2017 kemur í ljós að 38% þeirra voru íslenskir en 62% voru erlendir. Að mati kvennanna misnotuðu 48% gerenda áfengi, 26% misnotuðu fíkniefni en 13% gerenda höfðu farið í meðferð vegna áfengis- og/eða fíkniefna misnotkunar. Gerendur voru að meðaltali 40 ára gamlir, helmingur þeirra hafði lokið framhaldsskólanámi og 14% þeirra höfðu lokið háskólanámi.

2. Samanburður á íslenskum og erlendum konum - dvöl árið 2017

Af dvalarkonum á árinu 2017 voru 54% erlendar en 46% íslenskar. Meðalaldur erlendra kvenna var 35 ár en íslenskra 38 ár. Erlendar konur greindu frekar frá líkamlegu ofbeldi, morðhótunum og ofbeldi gegn börnum en þær íslensku. Hins vegar greindu íslensku konurnar frekar frá ofsóknum, myndbirtingum og kynferðislegu ofbeldi en þær erlendu. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Dvalarkonur 2017 og tegund ofbeldis, skipt eftir uppruna þolenda

Aðeins nánar um tegund ofbeldis og tengsl við gerandann; eins og fram kemur á mynd 1 nefna íslensku konurnar oftast en þær erlendu ofsóknir og myndbirtingar sem tegund ofbeldis sem þær hafa verið beittar. Þessi munur skýrist hugsanlega af tengslum kvennanna við gerandann. Ef einungis er horft á svör kvennanna sem segjast vera að koma vegna núverandi eða fyrrverandi maka (ekki vegna ættingja, vinar, barnsföður eða annars) þá komu íslensku konurnar frekar vegna fyrrverandi maka (24%) en þær erlendu (10%). Fyrrverandi makar eru líklegri til að ofsækja sínar fyrrum konur og hóta að birta af þeim myndir sem þær vilja ekki að séu birtar. Erlendu konurnar koma aftur á móti frekar vegna núverandi maka (82%) en þær íslensku (60%). Við nánari sundurgreiningu núverandi gerenda og tengslum þeirra við erlendu konurnar þá má sjá að í heildina komu 49% erlendu kvennanna í dvöl vegna ofbeldis af hálfu núverandi eiginmanns, 22% vegna núverandi sambýlismanns og 11% vegna núverandi kærasta. Með núverandi geranda er hér átt við að konan er að tala um þann geranda sem hún er að koma vegna núna, ekki fyrri geranda/gerendur þó konan hafi mögulega fyrri reynslu af ofbeldi.

Fleiri erlendar konur en íslenskar höfðu tilkynnt ofbeldið til lögreglu og herra hlutfall erlendra kvenna en íslenskra var með líkamlega áverka við komu í athvarfið. Svipað hlutfall erlendra og íslenskra kvenna hafði kært ofbeldið. Sjá töflu 1.

Afleiðingar	Íslenskar	Erlendar
Tilkynnt ofbeldið til lögreglu	40%	55%
Með áverka við komu	21%	24%
Kært ofbeldið	17%	18%

Tafla 1. Dvalarkonur árið 2017; tilkynningar til lögreglu, kærur og áverkar, skipt eftir uppruna.

3. Hlutfall erlendra kvenna í dvöl og afdrif dvalarkvenna

Í ársskýrslu athvarfsins frá árinu 2018 kom fram að erlendar konur voru í minnihluta (35%) kvenna sem leituðu í dvöl eða viðtöl í athvarfið það ár. Hlutfallið er samt mun herra en hlutfall erlendra kvenna almennt í samfélaginu en mikilvægt er að hafa í huga að það gefur ekki endilega þá vísbendingu að erlendar konur séu líklegri en þær íslensku til að vera beittar heimilisofbeldi. Oft hafa íslenskar konur meira bakland, en þær erlendu, og gætu því leitað annað en í

neyðarathvarf ef maki þeirra beitir þær ofbeldi. Erlendar konur hafa hins vegar síður í önnur hús að vernda sem skýrir að hlutfall þeirra er hærra í athvarfinu en úti í samfélaginu. [Slóð á ársskýrslu athvarfsins frá árinu 2018.](#)

Erlendar konur sem dvöldu í athvarfinu árið 2017 voru rúmlega tvöfalt líklegri en þær íslensku til að fara aftur heim til gerandans. Hins vegar voru íslenskar konur rúmlega tvöfalt líklegri en þær erlendu að fara til ættingja/vina að dvöl lokinni. Þá má spyrja hvort bakland og félagslegar aðstæður eigi ekki einungis þátt í því að erlendar konur leiti frekar til athvarfsins þegar þær flýja ofbeldi heldur eigi aðstæður þeirra einnig þátt í þeim mismun á afdrifum kvennanna að dvöl lokinni. Samanlagt fóru 49% erlendu kvennanna á sitt fyrra heimili (gerandi bjó ekki þar/gerandi farinn/til gerandans) að lokinni dvöl en 28% íslensku kvennanna fóru heim (gerandi bjó ekki þar/gerandi farinn/til gerandans). Sjá töflu 2.

Afdrif dvalarkvenna	Íslenskar	Erlendar
Heim, gerandi bjó ekki þar	8%	7%
Heim, gerandi farinn	6%	10%
Heim til gerandans	14%	32%
Nýtt húsnaði	29%	32%
Úr landi	2%	5%
Ættingjar/vinir	25%	11%
Sjúkrastofnun	4%	0%
Annað	8%	3%
Ekki vitað	4%	0%

Tafla 2. Afdrif dvalarkvenna árið 2017 eftir dvöl í Kvennaathvarfinu, skipt eftir uppruna

Nánar um verkefnið

1. Hugmyndin að verkefninu

Árið 2018 var unnin rannsókn á vegum Kvænnaathvarfsins sem hafði meðal annars það markmið að spyrja konur með reynslu af heimilisofbeldi um upplifun sína og líðan gegnum sambandið. Einnig voru konurnar spurðar að því hvað hefði getað hjálpað þeim við að slíta sambandinu fyrir og þær beðnar að gefa konum í svipaðri stöðu ráð. Fáar erlendar konur tóku þátt enda var spurningarlistinn einungis sendur út á íslensku. Í kjölfarið var ákveðið að taka saman upplýsingar um reynslu erlendra kvænna af heimilisofbeldi og biðja þær að útskýra og miðla því hvað hefði hjálpað þeim við að slíta sambandinu og hvað þær myndu ráðleggja konum í sömu stöðu.

2. Hvað hefði hjálpað?

Alls svöruðu 326 konur listanum í rannsókninni frá 2018 og 202 (62%) konur höfðu verið í ofbeldissambandi. Konurnar svöruðu m.a. spurningunni: *Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita eða geta gert til að komast fyrir út úr ofbeldissambandinu?* Flestar konurnar nefndu að þær hefðu viljað vita meira um ofbeldi; hvað væri eðlilegt, hvernig ofbeldi lýsir sér og að vita hvernig bera meggi kennsl á ofbeldið. Einhverjar nefndu að þær höfðu verið hræddar um fjárhaginn og neikvæð áhrif sambandsslita á umgengni við börnin sín en margar nefndu að þær vildu að þær hefðu farið fyrir.

Konurnar svöruðu einnig spurningunni: *Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt / aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér út úr sambandinu?* Rauði þráðurinn í svörum við þeirri spurningu virtist vera að konurnar hafði falið ofbeldið og ekki viljað láta aðra segja sér hvað ætti að gera, dæmi: „ég varð bara að sjá þetta sjálf“, en jafnframt kom fram að mikilvægt væri að aðstandendur væru til staðar og að þeir dæmdu ekki konuna.

Einnig voru konurnar spurðar hvað þær myndu ráðleggja öðrum konum sem eru í ofbeldissambandi en langar að komast út úr því. Svör kvænnanna voru svipuð því sem áður hafði komið fram. Margar ráðlögðu að tala við fagaðila, hlusta á aðra, fá stuðning, segja frá, segja frá stöðunni/líðan sinni, fræðast um ofbeldi og um gerendur og muna að „þú ert ekki ein“. Sömu spurningar voru lagðar fyrir erlendu konurnar í þessari rannsókn.

Hér er slóð á [íslenska útgáfu af rannsókninni](#) frá 2018 um „*Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis og persónuleikaeinkenni gerenda*“. Hér er slóð á [enska útgáfu af rannsókninni](#), „*Intimate Partner Violence; Survivors experience and wellbeing and perpetrators' personality traits*“.

Efniviður

1. Rannsóknarhópur

Þátttakendur voru konur af erlendum uppruna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á tímabilinu 1. ágúst 2019 – 29. febrúar 2020. Alls var rætt við tíu dvalarkonur en konurnar mátu sjálfar hvort þær treystu sér til þátttöku. Viðtölin tóku allt frá einni upp í eina og hálf klukkustund og fóru öll fram í Kvennaathvarfinu. Konurnar fengu ekki greiðslu eða aðra umbun fyrir þátttöku.

2. Spurningalistinn

Í fyrri hlutum rannsóknar (hlutar A, B og C) voru teknar saman bakgrunnsupplýsingar um konurnar, um eðli ofbeldisins, tengsl við gerandur og bakgrunn þeirra.

Í síðasta hlutanum (hluta D) voru konur spurðar um hvað þeim fannst auðvelt og hvað þeim fannst erfitt við að losna úr ofbeldissambandinu og að koma í athvarfið. Einnig voru þær beðnar um að útskýra hvað hefði getað hjálpað þeim við að fara frá gerandanum fyrr og hvaða ráð þær myndu gefa öðrum konum í sömu stöðu.

Spurningarlistinn sem settur var saman fyrir rannsóknina „*Erlendu konurnar í Kvennaathvarfinu – hvað hefði hjálpað?*“ leit svona út:

A. Um konuna

1. Aldursbil
2. Uppruni
3. Tungumál
4. Mat konu á eigin íslensku kunnáttu
5. Búseta

6. Hversu lengi á Íslandi
7. Hæsta skólastig lokið
8. Atvinnustaða
9. Um ofbeldið

B. Tegund ofbeldis

1. Hefur þú einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar heimilisofbeldis af hálfu núverandi geranda?
2. Ef já, leitaðir þú lækniástoðar vegna áverkanna?
3. Ef já, léstu vita að áverkarnir væru vegna heimilisofbeldis?
4. Ef já, voru ummerki á hálsi eftir kyrkingartak? (þrengt að öndunarvegi eða reynt að stöðva blóðrás til heila)
5. Hefur þú einhvern tímann óttast um líf þitt vegna ofbeldisins?
6. Hefur lögreglan einhvern tímann komið á vettvang vegna heimilisofbeldis gegn þér af hálfu núverandi geranda?
7. Ef já, fyrir tilstilli hvers? (hver hringdi á lögreglu/bað um aðstoð)
8. Hefur þú einhvern tímann kært núverandi geranda fyrir ofbeldisverk gegn þér?
9. Hefur þú fengið nálgunarbann á núverandi geranda?
10. Hefur hann fengið brottvísun af heimili?
11. Hefur þú fengið neyðarhnapp vegna núverandi geranda?

C. Um gerandann

1. Aldur geranda
2. Kyn geranda
3. Uppruni geranda
4. Er gerandi samlandi þinn?
5. Atvinnustaða geranda?
6. Hvert er hæsta skólastig hefur gerandi hefur lokið?


D. Eigindlegur hluti - Viðtalið. Hvað hefði hjálpað?

1. Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita sem hefði auðveldað þér að komast í Kvennaathvarfið fyrr?
2. Ef já, hvað? (Lögreglan / félagslega kerfið v. húsnæði og fjárhagslegan stuðning / barnavernd / skilnaðarmál - sýslumaður / Útlendingastofnun - brottvísun - dvalarleyfi)
3. Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt / aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér út úr sambandinu?
4. Ef já, hvað hefði það verið?
5. Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast út úr því?
6. Hver var mesta hindrunin/erfiðast við að fara frá honum og koma í Kvennaathvarfið?
7. Hvað var auðvelt við að fara frá honum og koma í Kvennaathvarfið?
8. Fannstu stuðning þegar þú fórst frá honum og komst í Kvennaathvarfið? Ef svo, hvaðan?
9. Veist þú hvert þú ferð að dvöl í athvarfinu lokinni?
10. Á konan barn sem hún hefur með að gera? Ekki endilega með í dvöl, bara að það sé undir 18 ára aldri í dag.

Niðurstöður – Hluti A) um konuna, B) um ofbeldið og C) um gerandann

Aldur, uppruni og tungumálakunnátta þátttakenda

Flestar konurnar voru á aldrinum 18-40 ára, en ein kona var á aldrinum 41-50 ára og ein á aldrinum 51-60 ára. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Aldursdreifing þátttakenda


Helmingur þátttakanda kom frá landi innan EES og helmingur frá landi utan EES. Allar konurnar töluðu ensku auk móðurmálsins. Alls töluðu 30% kvennanna íslensku. Konurnar þrjár voru beðnar að meta íslensku kunnáttu sína á fimm punkta skala á bilinu: *alls ekki góð - ekki góð - hvorki/né - góð - mjög góð*. Af þeim þremur konum sem töluðu íslensku taldi ein kona íslenskukunnáttu sína „alls ekki góða“, ein taldi kunnáttuna „ekki góða“ og ein kona taldi íslenskukunnáttu sína „góða“.

Búseta

Helmingur erlendu kvennanna var búsettur á landsbyggðinni og helmingur á höfuðborgarsvæðinu. Þær höfðu flestar (80%) verið á Íslandi í 1-3 ár, ein kona hafði dvalið á landinu í minna en ár og ein kona hafði dvalið lengur en 3 ár á Íslandi.

Menntun og atvinnuþátttaka

Helmingur þátttakenda hafði lokið háskólanámi, tvær höfðu lokið framhaldsskóla og tvær höfðu lokið sérskóla. Ein kona hafði einungis lokið grunnskólanámi. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Menntun þátttakenda

Flestar konurnar voru í fullu starfi eða 60%, 10% (ein kona) var í fæðingarorlofi og 30% voru án atvinnu.

Tegund ofbeldis

Flestar konurnar nefndu andlegt ofbeldi (90%), líkamlegt ofbeldi (80%) og fjárhagslegt ofbeldi (70%). Af konunum tíu áttu sex konur börn, helmingur mæðranna (50%) sögðu ofbeldið hafa beinst beint eða óbeint að börnunum. Öll börn þessara kvenna voru með í dvöl í athvarfinu.

Alls höfðu 30% kvennanna fengið morðhótun, 40% höfðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi, 30% höfðu verið teknar kyrkingartaki, 30% höfðu orðið fyrir stafrænu ofbeldi og 10% höfðu upplifað eltihrelli (*e.stalking*). Hér var hægt að nefna fleiri en eina tegund ofbeldis og því er samanlagt hlutfall herra en 100%.

Áverkar, aðstoð frá heilbrigðiskerfi og aðkoma lögreglu

Alls höfðu 60% kvennanna einhvern tímann hlotið líkamlega áverka vegna heimilisofbeldis af hálfu núverandi geranda. Fimm af þeim sex konum (83%) sem höfðu fengið áverka höfðu leitað læknaaðstoðar í kjölfarið og fjórar þeirra (80%) sögðust hafa látið heilbrigðisstarfsfólk vita að áverkarnir væru vegna heimilisofbeldis. Allar konurnar sem sögðust hafa verið teknar kyrkingartaki sögðust hafa fengið ummerki á hálsi eftir kyrkingartakið. Með kyrkingartaki er hér átt við að þrengt sé að öndunarvegi eða reynt að stöðva blóðrás til heila, hvort sem konan missi meðvitund eða ekki. Alls höfðu 60% þátttakenda óttast um líf sitt vegna ofbeldisins og 40%

kvennanna sagði lögregluna hafa komið á vettvang vegna heimilisofbeldis gegn sér af hálfu núverandi geranda.


Konurnar voru spurðar að því hver hafi hringt á lögreglu og svörin voru þessi.

1. Nágranninn hringdi.
2. Hún hringdi sjálf, fyrst í sendiráðið þar sem hún bjó erlendis en svo í lögregluna.
3. Lögreglan kom ekki á vettvang þegar ofbeldið var í gangi heldur fór konan á lögreglustöð eftir alvarlegasta atvikið. Lögreglan kom á heimilið í kjölfarið.
4. Örugglega nágranni, hún var ekki viss.

Ein kona hafði bæði kært geranda og fengið nálgunarbann á hann. Ein önnur kona hafði kært gerandann og þriðja konan hafði fengið nálgunarbann á núverandi geranda. Alls 20% kvennanna höfðu því kært geranda og 20% höfðu fengið nálgunarbann á núverandi geranda. Ein kona í þessari rannsókn þekkti ekki nálgunarbann sem úrræði. Í 10% tilfella hafði gerandi fengið brottvísun af heimili (einn karl) en engin kona hafði fengið neyðarhnapp vegna ofbeldis af hálfu núverandi geranda.

Gerendur; Tengsl við geranda, kyn, aldur, uppruni


Allir gerendurnir voru karlar og í flestum tilfellum var gerandi núverandi eiginmaður þátttakanda (60%). Einn gerandi var kærasti, einn var fyrrverandi kærasti, einn var sambýlismaður og einn karl var fyrrverandi sambýlismaður. Sjá mynd 4.



Mynd 4. Tengsl við gerendur

Alls voru 80% gerenda núverandi makar erlendu kvennanna en 20% þeirra voru fyrrum makar.

Helmingur gerendanna var á aldrinum 41—50 ára. Sjá mynd 5.




Mynd 5. Aldursdreifing gerenda

Uppruni gerenda var í 50% tilfella íslenskur, 20% voru erlendir og komu frá löndum innan EES og 30% voru erlendir og komu frá löndum utan EES. Gerendur voru samlandar kvennanna í 40% tilfella.

Menntun og atvinnuþátttaka gerenda

Alls voru 60% gerenda í fullu starfi, tveir voru öryrkjar, einn án atvinnu og einn karl var ellilífeyrisþegi. 20% gerenda höfðu lokið háskólanámi og sama hlutfall hafði lokið sérskóla. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Menntun gerenda

Niðurstöður – Hluti D) Eigindleg viðtöl

Í þessum hluta rannsóknar verða svör kvennanna látin standa eins og konan svaraði spurningunni í viðtalinu, hvort sem hún svaraði á íslensku eða ensku. Orðrétt svör kvennanna verða sett í gæsalappir og skáletruð. Punktir rannsakanda verða ýmist á ensku eða á íslensku og mögulega ekki alltaf málfraðilega réttir því þeir eru birtir hér eins og þeir voru skrifaðir í viðtalinu.

Í heildina voru spurningarnar tíu en leiðarstýring var á sumum spurningum (ef já, þá nánar, annars næsta spurning) og þar af leiðandi fengu ekki allar konurnar allar spurningarnar. Spurningarnar eru settar fram í gæsalöppum eins og þær voru orðaðar í viðtalinu. Til að tryggja að ekki sé hægt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar til einstaka þátttakenda voru svör kvennanna ekki alltaf höfð í sömu röð.

Spurning 1) „Er eitthvað sem þú hefðir viljað vita sem hefði auðveldað þér að komast í Kvænnaathvarfið fyrir?“

Alls svöruðu 80% kvennanna þeirri spurningu játandi.

Spurning 2) „Ef já, þá hvað?“,

1. Bein tilvitnun frá konu 1:

„I did not know of the Shelter“.

Punktir rannsakanda:

She fled to a friend, they learned Icelandic together. A friend went on facebook and found information on the Shelter. She did not have facebook, he isolated her, told her it was dangerous to have facebook. She had Whatsapp but could not find information on the Shelter there.

2. Punktir rannsakanda:

Hefði viljað vita meira hvað Kvænnaathvarfið er, svona praktísk atriði. Hún var mjög hrædd við hann. Hún talaði við leikskólastjórann, sem vissi hvað var í gangi og hún sagði konu að hafa samband ef gerandi myndi ráðast á hana. Leikskólastjórinn sagði henni frá athvarfinu. Það átti að henda þeim á götuna, því makinn borgaði ekki leiguna.

Íbúðareigandinn kom á heimilið þeirra, þá áttaði hún sig á að makinn var að beita hana fjárhagslegu ofbeldi því hún lét hann alltaf fá alla peningana sem hún vann fyrir en hann eyddi þeim í annað.

3. Punktur rannsakanda:

Hún á enga fjölskyldu í heimalandinu, gat ekki farið aftur heim, vissi ekki að hún gæti komið í athvarfið. Hringdi í félagsráðgjafa þegar henni leið illa. Hann sagði konu að koma hingað til að fá frið.

4. Punktur rannsakanda:

Hún var í vinnunni, hann hringdi í hana þangað og sagðist vera búinn að tala við lögfræðing og myndi taka af henni barnið. Hún varð „desperat“ og ákvað að koma í athvarfið því hún var svo hrædd að hann myndi taka barnið hennar af henni.

5. Punktur rannsakanda:

Yfirmaður hennar sagði henni frá athvarfinu. Hún vissi ekki af því fyrir.

6. Bein tilvitnun frá konu 6:

„Important to have more information on how long you can stay here and how much support and you can be educated about what is going on in such a relationship.“

7. Punktur rannsakanda:

Hún vissi ekki af tilvist athvarfsins. Hann var fjarlægður af heimilinu þegar lögreglan kom loks á vettvang. Nágrannar hringdu, þá fyrst kom barnavernd. Konan var of hrædd sjálf til að hringja á lögregluna. Þegar lögreglan og barnavernd loksins komu þá fékk konan fyrst upplýsingar um athvarfið. Nágrannar sáu hann berja hana fyrir framan börnin, það var blóð út um allt.

8. Punktur rannsakanda:

Vissi ekki af athvarfinu, margar erlendar konur sem hún hefur talað við hér í athvarfinu segja sömu sögu.

Bein tilvitnun frá konu 8:

„You don't know where to go. Many of women have not got friends, don't find resources, don't know what they have to do, don't know what to do or where to get help.“

Samantekt: Í fljótu bragði má túlka svör kvennanna þannig að þær vissu ekki af athvarfinu og vantaði upplýsingar til að hafa forsendur til að geta tekið ákvörðun um að fara af heimilinu og í Kvennaathvarfið. Einnig kemur í ljós að gerendur virðast reyna að gefa konum rangar upplýsingar t.d. að þeir muni hafa af þeim börnin ef þær leiti sér hjálpar. Ánægjulegt er að merkja að yfirmenn, vinir og leikskólastarfsmenn virðast hafa verið með augun opin fyrir ofbeldinu og hafa aðstoðað konurnar með að leita sér hjálpar.

Spurning 3) „Er eitthvað sem fagaðilar, fólkið þitt / aðstandendur eða aðrir hefðu getað sagt eða gert til að hjálpa þér út úr sambandinu“?

Helmingur kvennanna sagði já og helmingur sagði nei.

Spurning 4) „Ef já, þá hvað“?

1. Bein tilvitnun frá konu 1:

„When we moved to the country we did not know the system, how would you find out. Even if we see a sign of violence – I thought I was going through midlife crisis.“

2. Bein tilvitnun frá konu 2:

„Tell me sooner that they would take children if I would stay with my husband. Put priorities directly. Children should not have to live like this. Depends on you – you have to make decision yourself.“

3. Punktur rannsakanda:

Faðir hennar er líka ofbeldisfullur, hefur verið dæmdur fyrir ofbeldi gegn henni, hún þekkti ekki annað.

4. Punktur rannsakanda:

Það er gott að tala um þetta núna – hún sagði engum frá þessu en mamma hennar og systir vissu þetta. Hún var með linsudropa vegna bólginnu augna. Mamma hennar og fjölskylda eru glöð að hún er farin frá honum núna.

Bein tilvitnun frá konu 4:

„Ég þurfti sjálf að vakna. Allir vildu hjálpa.“

5. Punktur rannsakanda:

Hann réðist á hana, deildarstjóri í leikskólanum hjálpaði henni að hringja á rétta staði. Kona talaði við félagsráðgjafa daginn eftir árásina og hún ákvað að koma hingað. Kemur utanað landi, erfitt að flytja svona langt.

Samantekt: Þær fimm konur sem sögðu já við spurningunni nefna skort á upplýsingum, óska eftir að kerfið hefði brugðist hraðar við, segja að þær þekktu ekki annað en ofbeldi á heimili og að allir hefðu viljað hjálpa.

Spurning 5) „Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast út úr því?“

1. Bein tilvitnun frá konu 1:

„Tala við fjölskylduna, segja frá og tala við vinina. Tala við sérfræðing. Segja frá hvað er í gangi. Ekkert breytir honum. Alveg sama hvað er gert fyrir hann.“

2. Bein tilvitnun frá konu 2:

“Give up on what you have, it is worth it. What you have is just fantasy. If you are a foreigner, you already know what migrate is. It is difficult to let people know. Find things to do that you really like. Read books about violence. Get help. Realize his behaviour is not normal. It does not take a big house to be happy. The happiness is not about materialistic stuff. If you are not happy, does he make you happy? If he does not support you for what you love and do, he is not the right one.“

Punktur rannsakanda:

Fyrsta vikan er erfið. Þrauka tímabilið. Þetta tímabil mun hjálpa þér að leysa allt sem þú hefur tapað

3. Bein tilvitnun frá konu 3:

„Run!„

4. Punktur rannsakanda:

Fara strax, þessir menn breytast ekki. Búmm - nefbrot - Tenerife - nýr bíll - ofbeldi aftur.

5. Bein tilvitnun frá konu 5:

“Just leave as soon as you can. You will always find a reason not leaving but you will never regret to leave. It is a hard step to do but it is worth it.”

6. Bein tilvitnun frá konu 6:

“Don’t forgive them! They apologize, love you so much, so nice to you after they hit you. Don’t fall for it.”

Samantekt: Rauði þráðurinn hér virðist vera að tala um ofbeldið og biðja um hjálp og leita sér sjálf aðstoðar og upplýsinga. Að hlutirnir munu ekki breytast og áhersla á að það að búa við ofbeldi sé ekki þess virði.

Spurning 6) „Hver var mesta hindrunin/erfiðast við að fara frá honum og koma í Kvennaathvarfið?“

1. Punktur rannsakanda:

Henni líður mjög vel núna. Brast eitthvað innra með henni þegar hann réðist á hana þegar hún var með barnið í fanginu. Finnst hún geta loksins geta andað léttar. Ekki hindrun að fara.

2. Bein tilvitnun frá konu 2:

“Loosing the house”

Punktur rannsakanda:

She was renting for her money – financial issues.

3. Bein tilvitnun frá konu 3:

“Scared he would stop me, not knowing what next, what am I gonna tell my friends”

4. Punktur rannsakanda:

Var hrædd en vildi bara einhverja hjálp.

5. Bein tilvitnun frá konu 5:

„Verð ein.“

Punktur rannsakanda:

Enginn stuðningur frá honum, hún var ekki í vinnu og ekki sjálfstæð fjárhagslega.

Praktísk atriði kannski erfið.

6. Bein tilvitnun frá konu 6:

“Hard and difficult in the beginning, time passes so quick. It is life saving for women and children to go.”

7. Punktur rannsakanda:

Hann hótaði að taka barnið af henni eftir hún fór fyrst í athvarfið og þess vegna ákvað hún að fara aftur til hans. Hana langaði svo mikið að mamma sín myndi hitta barnið, fyrsta barnabarnið.

8. Punktur rannsakanda:

Vissi ekkert hvernig þetta yrði, praktísk atriði. Hélt að þetta væri bara fyrir konur í neyslu og geðveikar. Hann var búinn að segja henni það.

9. Punktur rannsakanda:

Hún vissi lítið hvað hún var að fara út í.

Samantekt: Hindranir sem konurnar nefna er að vita ekkert hvað bíður þeirra, vantar upplýsingar um praktísk atriði í athvarfinu, hvað svo?, hvernig verður með fjármálin?, hvar á ég að búa? o.s.frv. Að verða ein og þurfa að segja frá ástæðu þess að þau séu ekki lengur saman virðist líka hindrun.

Spurning 7) „Hvað var hvetjandi/auðvelt við að fara frá honum og koma í Kvænnaathvarfið?“

1. Bein tilvitnun frá konu 1:

“Exhausting being there, could finally breathe.”

2. Bein tilvitnun frá konu 2:

“I just closed the doors and do not want to see him or speak to him again.”

3. Bein tilvitnun frá konu 3:

“Nothing”

4. Punktur rannsakanda:

Dásamlegt að koma í athvarfið, leið eins og heima hjá sér strax.

5. Punktur rannsakanda:

Hugarfarið. Var komin með nóg. Gott að losna við rifrildin.

Bein tilvitnun frá konu 5:

„Ohhh hann er að koma heim, ég vildi vera ein og ekki með honum“

6. Bein tilvitnun frá konu 6:

“Thinking about leaving for many months. Had been looking for apartment in her country side for many months.”

Punktur rannsakanda:

Barnavernd benti henni loksins á athvarfið sem var einmitt sem hún þurfti.

7. Bein tilvitnun frá konu 7:

“It is just a phonecall away. Not difficult.”

8. Punktur rannsakanda:

Gott að losna frá honum.

Bein tilvitnun frá konu 8:

„If police in Poland would be as nice as in Iceland, I would have left him so long ago“

Samantekt: Það virðist ekki vera rauður þráður í svörum kvennanna, sumar nefna að gott hafi verið að losna við ofbeldið, þeim hafi strax liðið vel í athvarfinu og að þær geti loksins andað léttar.

Spurning 8) „Fannstu stuðning þegar þú fórst frá honum og komst í Kvænnaathvarfið? Ef svo, hvaðan?“

1. Punktur rannsakanda:

Að vera laus við ofbeldið, hafði mikinn stuðning frá fjölskyldunni sinni.

2. Bein tilvitnun frá konu 2:

“Did not have much support”.

Punktur rannsakanda:

Random people telling her to go. A friend from work helped her get away.

3. Punktur rannsakanda:

A friend, the one who called the Shelter for her

4. Bein tilvitnun frá konu 4:

„Já, ég fann að ég var að gera rétt“

5. Punktur rannsakanda:

Já, fjölskyldan var ánægð með ákvörðun hennar, enginn vissi hvað hafði gengið á.

6. Bein tilvitnun frá konu 6:

“Did not tell my family so most support from co workers and an other women in the Shelter. Listen to their stories, educate myself about domestic violence and I read alot about domestic violence.”

7. Punktur rannsakanda:

Stuðningur frá öllum – vinum, vinnunni, yfirmanni, leikskólanum.

8. Punktur rannsakanda:

Já, mikill stuðningur í að tala við aðrar konur í athvarfinu.

Samantekt: Allar konurnar svöruðu þessari spurningu játandi, en átta þeirra nefna dæmi um stuðning. Þar er helst nefnt fjölskyldan, vinir, vinnufélagar og aðrar konur í athvarfinu öll veittu konunni stuðning.

Spurning 9) „Veist þú hvert þú ferð að lokinni dvöl í athvarfinu?“

Allar konurnar svöruðu spurningunni. Ein kona fór aftur heim en gerandinn var farinn af heimilinu. Ein var komin með íbúð að leigja, fjórar voru að leita að íbúð til að leigja, ein beið eftir svari um félagslega íbúð en hinar þrjár vissu ekki hvert þær muni fara að dvöl lokinni.

Spurning 10) „Átt þú barn undir 18 ára aldri sem þú hefur með að gera?“

Alls áttu sex konur eða 60% þátttakanda barn eða börn undir 18 ára aldri sem öll voru með í dvöl í athvarfinu.

Hvað má betur fara og hvað er vel gert

Lögreglan:

Svo virðist sem konurnar upplifi að lögreglan sé að gera hlutina vel og að þar sé verklag sem virki þegar lögreglan kemur á vettvang. Ein kona nefndi að ef lögreglan í heimalandi hennar hefði verið eins góð að meðhöndla heimilisofbeldismál og hún upplifði hér á Íslandi, þá hefði hún fyrir löngu verið búin að slíta sig úr ofbeldissambandinu. Önnur kona nefndi að þegar lögreglan kom loks á vettvang, ásamt barnavernd, þá fyrst hafi konan fengið upplýsingar um athvarfið og kom í kjölfarið í dvöl.

Hins vegar hafði engin kona fengið neyðarhnapp, tvær konur höfðu fengið nálgunarbann á gerandann og einum geranda hafði verið vísað af heimilinu. Samt sögðu 60% kvennanna að þær hefðu óttast um líf sitt, 30% höfðu fengið morðhótun, 30% höfðu verið teknar kyrkingartaki og 40% höfðu fengið lögregluna á vettvang vegna ofbeldis á heimilinu.

Heilbrigðiskerfið:

Stór hluti kvennanna hafði hlotið áverka eftir ofbeldið (60%) og flestar þeirra (5 af 6 konum) höfðu þurft að leita aðstoðar hjá heilbrigðiskerfisinu. Þær sem það gerðu sögðu frá raunverulegri atburðarrás sem leiddi til áverkanna í 80% tilfella en 20% kvennanna sagði aðra sögu við heilbrigðisstarfsfólk. Ef til vill mætti skerpa verklag þegar kemur að móttöku í heimilisofbeldismálum á heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og heilsugæslum landsins til að taka enn betur á móti þessum sjúklingahópi. Það þyrfti að skrá málin í sjúkraskrárkerfi og vísa konum áfram í viðeigandi úrræði. Þannig mætti mögulega draga úr ítrekuðu og stigmagnandi ofbeldi í garð kvennanna.

Leikskólar:

Í þessari rannsókn komu fram jákvæð teikn um að starfsfólk leikskóla sé með augun opin og virðist tilbúið að aðstoða konurnar til dæmis með því að hringja á félagsráðgjafa eða lögreglu og að veita konunum stuðning og upplýsingar um Kvennaathvarfið. Þrjár konur nefndu þessa tegund stuðnings/aðstoðar sem hjálpaði þeim við að komast úr ofbeldissambandinu og í athvarfið.

Hagnýtar upplýsingar:

Samkvæmt því sem þátttakendur segja mætti gera enn aðgengilegri ýmsar hagnýtar upplýsingar um athvarfið, bæði varðandi dvöl og viðtöl. Sú vinna er þegar hafin í athvarfinu og upplýsingar um ýmis hagnýt atriði eru þegar komnar á heimasíðu athvarfsins á íslensku en til stendur að þýða þær á fleiri tungumál. [Sjá hlekk hér](#).

Fræðsla við komuna til landsins:

Það virðist koma nokkuð skýrt fram að konurnar skorti upplýsinar um rétt sinn hér á landi og að gerendur jafnvel noti sér þekkingarleysi kvennanna. Þær nefna til dæmis að gerandi hafi hótað að taka börnin af þeim og koma málum svo fyrir að þær fái ekki að sjá börnin aftur. Slíkar sögur erlendra kvenna sem í athvarfið leita eru ekki óalgengar, sem og að konan megi ekki vera lengur á landinu ef hún skilur við gerandann því hún hafi ekki neinn rétt hér. Það væri möguleiki fyrir til dæmis þau kerfi sem vinna beint að málum erlendra kvenna sem hingað flytjast, eins og Þjóðskrá, sýslumannsembættin og Útlendingastofnun að setja upp fræðsluefni á mörgum tungumálum um helstu réttindi kvenna á Íslandi. Fræðsluna fengju konurnar þegar þær kæmu að sækja um leyfi eða að skila inn gögnum til þessara stofnanna við komuna inní landið. Slík fræðsla gæti tekið af allan vafa um það hvað er ofbeldi og hvort megi beita konur og börn ofbeldi á Íslandi. Hvort konan eigi að láta maka sinn hafa alla þá peninga sem hún vinnur fyrir, hvort konan eigi að gera eitt og annað að ósk/skipun maka og hvort makinn eigi að ráða hvernig öllum málum sé háttáð á heimilinu. Hvort makinn megi eða geti tekið af henni börnin og ákveðið einn forsjá um umgengni eða sent hana eina heim. Hvað gerist ef hún sækir um skilnað á grundvelli heimilisofbeldis eða annars, hvort hún geti hringt í lögregluna eða haft samband við 112 þegar hún eða börnin eru beitt ofbeldi á sínu heimili. Slík fræðsla yrði þolendum heimilisofbeldis án efa til hagsbóta.

Fjármögnun

Verkefnið var fjármagnað að hluta með styrk sem Samtök um Kvennaathvarf og Mannréttindaskrifstofa Íslands fengu sameiginlega úthlutað úr Þróunarsjóði innflytjendamála árið 2018. Kvennaathvarfið stóð straum af þeim kostnaði sem til féll eftir nýtingu styrkjar frá Þróunarsjóðnum.